

Þegar á þetta er litið þykir ekki verða fallist á kröfur stefnanda í máli þessu. Ber að sýkna stefnda af þeim.

Ekki þykir alveg næg ástæða til þess að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar í máli þessu. Fellur málskostnaður niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason, Jónatan Þórmundsson og Þorsteinn Geirsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Bandalags háskólamanna f.h. Hins íslenska kennarafélags vegna Agnethe Kristjánsson í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. desember 1983.

Nr. 2/1983. **Alþýðusamband Íslands f.h.**

**Málm- og skipasmiðasambands Íslands
f.h. Félags járníðnaðarmanna, Reykjavík,
vegna Ingólfs Hansen**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Íslenska álfélaginu h/f

(Einar Árnason hdl.)

Kjarasamningur. Orlof.

Dómur.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 13. þ.m., var höfðað með stefnu útgefinni 30. júní s.l. og þingfest þann 5. júlí s.l.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands, f.h. Félags járníðnaðarmanna, Reykjavík, vegna Ingólfs Hansen.

Stefndi er Íslenska álfélagið h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi að Ingólfur Hansen, rennismiður, hafi með starfi sínu á orlofsárinu frá 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 öðlast rétt til heimildarorlofs í 30 vinnudaga, sem skiptist í sumarorlof í 24 vinnudaga, er taka skal út á tímabilinu frá 2. maí til 15. september 1983 og vetrarorlof í 6 vinnudaga, er taka skal út á öðrum árstíma.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Stefndi gerir þessar dómkröfur:

Að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Þann 30. nóvember 1982 tókst samningur um kaup og kjör starfsmanna við áliðjuverið í Straumsvík. Er hann gildandi kjarasamningur í dag. Megin deiluefni máls þessa varðar túlkun á gr. 4.1. í samningi þessum, en þessi grein er svohljóðandi:

„4.1. Orlof

Orlof fastráðinna starfsmanna skal vera sem hér segir.

| | <i>Að sumri</i> | <i>Að vetri</i> |
|-------------------------|-----------------|-----------------|
| Vaktamenn í þrískiptum | | eftir 1 ár |
| vöktum alla daga 2.5.1. | 21 vakt | 3 vaktir |
| Vaktamenn á tvískiptum | | eftir 3 ár |
| vöktum alla daga 2.5.2. | 18 vaktir | 3 vaktir |
| Allir aðrir starfsmenn | 4 vikur | ½ vika |
| | | 1 vika |

Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá orlof í sama hlutfalli.

Um nánari skilgreiningu á vetrarorlofi sjá forskj. (5). Starfsmenn skulu auk þess fá 8,33% orlofsfé af yfirvinnu á fyrsta starfsári, 9,5% næstu 2 ár og síðan 10,5%. Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof nr. 87/1971. Með samkomulag starfsmanna og viðkomandi yfirmanns er heimilt að skipta orlofi og taka það hvenær sem er ársins

„ . . .“

Nokkur fylgiskjöl eru með kjarasamningi þessum og kemur einkum til athugunar fylgiskjal 5, sem er samkomulag um túlkun á ákvæðum greinar 4.1. aðalsamnings.

1. liður skjals þessa er svo sem hér segir:

Starfsmaður sem unnið hefur í 1 ár hjá ISAL öðlast rétt til ½ viku (3 vakta) vetrarorlofs, sem skal veitt á næsta

starfsári hans, utan sumarleyfistíma. Tilsvarandi regla gildir um starfsmann, sem unnið hefur í 3 ár, hann á rétt á 1 viku (5 vakta) vetrarorlofi. Starfsmenn, sem unnið hafa minna en 1 ár (3 ár) hafa ekki rétt á hlutfallslegum greiðslum.

Eftir að kjarasamningur þessi tókst komu lög nr. 90/1982 í gildi, og breyta þau nokkrum ákvæðum orlofslaga nr. 87/1971.

Mestu máli skiptir hér 1. grein laga nr. 90/1982, sem breytir 3. grein orlofslaga að því leyti að nú skulu fyrstu 5 laugardagar í orlofi ekki teljast til orlofsdaga. Að öðru leyti hefur þessi grein orlofslaga ekki tekið breytingum. Orlof er enn 2 dagar fyrir hvern unnin mánuð á síðasta orlofsári, sömu ákvæði eru varðandi veikindi og slys og um að sunnudagar og aðrir helgidagar teljist ekki orlofsdagar.

Ingólfur Hansen, rennismiður, sóknaraðili máls þessa, hefur verið starfsmaður stefnda nú um 10 ára skeið. Hann er félagsmaður í Félagi járníðnaðarmanna, Reykjavík, sem var eitt þeirra verkalýðsfélaga er stóðu að gildandi kjarasamningi við stefnda.

Það er ekki umdeilt í máli þessu að Ingólfur Hansen hefur fengið rétt til 4 vikna sumarorlofs og 1 viku vetrarorlofs í samræmi við gr. 4.1. í kjarasamningi. En stefnandi heldur því fram að honum beri fleiri orlofdagar eftir að lögfest var að laugardagar teljist ekki lengur til orlofsdaga. Stefnandi útlistar mál sitt á þessa leið:

Fyrst og fremst sé ljóst af undirbúningi og aðdraganda að setningu laga nr. 90/1982 að stefnt hafi verið að almennri lengingu orlofs launþega um 4—5 daga, en ekki aðeins að fjölgun orlofsdaga hjá þeim, er áður höfðu lágmarksorlof. Komi þetta vel fram í frumvarpi og við meðferð þess í þingnefnd. Þessi hafi verið skoðun meirihluta nefndarinnar, sbr. framsöguræðu, og minnihlutinn hafi engan ágreining gert, hvorki í nefndinni né við umræður á þingfundi.

Minnt er á það að er 3. gr. laga nr. 87/1971 var óbreytt í gildi hafi verið sami orlofsréttur þeirra, er áttu að hafa 3 vikna orlof skv. samningi og hinna er höfðu samið um 24 virkra daga orlof, og í hvorugu tilfelli hafi helgidagar og almennir frídagar, sem á hafi fallið í miðri viku, verið taldir til orlofsdaga. En eftir gildistöku laga nr. 90/1982 hafi 4 vinnudagar bætst við orlof hvors hópsins um sig. — Sama útkoma verði varðandi þá er annarsvegar höfðu umsamið 30 virkra daga orlof og hinsvegar þeirra, er höfðu 5 vikna orlof, nema þar verði fjölgun orlofsdaga, 5 dagar hjá báðum.

Aðeins þeir, sem búið hafi við þau samningsákvæði að laugar-
dagar teldust ekki til orlofsdaga, hafi ekki eignast visa lengingu
orlofs skv. lögum nr. 90/1982.

Mótmælt er þeirri staðhæfingu stefnda að lög nr. 90/1982 hafi
aðeins átt að lengja lágmarksorlof, þannig að þeir sem haft hafi
betri orlofskjör en lágmark segir til, eða jafn góð, eigi engan rétt
til fjölgunar orlofsdaga. Lögin séu skilyrðislaust í þá átt sem haldið
sé fram af stefnanda, og hefði þurft að geta þess sérstaklega ef
aðeins hefði verið tilgangurinn að hækka lágmarkstölu orlofsdaga.

Af hálfu stefnanda er staðhæft að heimildarlaust hafi verið að
flytja vetrarorlof yfir á sumarorlofstíma. Hvorki kjarasamningur né
ákvæði laga nr. 90/1982 heimili slíka meðferð.

Stefndi heldur því fast fram í málflutningi sínum að lög nr.
90/1982 breyti ekki sjálfkrafa lengd orlofs þeirra er þegar höfðu
samið um lengra orlof en núverandi lágmarksorlof, þ.e. 24 vinnu-
daga á ári. Sóknaraðili máls þessa, sem og flestir starfsmenn
stefnda, hafi lengi notið lengra orlofs en lög hafi tiltekið sem lág-
mark, þ.e. 4 vikna að sumri og 1 viku að vetri, og laugardagar hafi
ekki verið taldir til orlofsdaga allt frá árinu 1970. Þannig hafi
laugardagar ekki skipt sóknaraðila neinu máli fyrir gildistöku laga
nr. 90/1982, og skipti þeir hann heldur engu máli síðan. — Látið
hafi verið í veðri vaka að frumvarp til laga þessara hafi átt að verka
til almennrar fjölgunar orlofsdaga hjá launþegum, en þessi til-
gangur komi aðeins fram í lagatextanum á þann hátt að laugardagar
séu teknir úr tölu orlofsdaga. Enda þótt þetta ákvæði verði í raun
til þess að fjölga orlofsdögum hjá allflestum launþegum, verði því
ekki haldið fram að það mæli fyrir um almenna orlofslengingu
hvernig svo sem samningum sé háttað um orlof tiltekins fjölda
launþega. Frumvarpið geti þess að einn aðaltilgangur þess sé sá að
samræma orlof allra launamanna, en ekki verði sagt að í slíkri
samræmingu þurfi að felast lenging á orlofi allra. — Stefndi heldur
því fram að flutningur vetrarorlofs yfir á sumarorlofstíma hafi
aðeins verið tilflutningur á hluta heildarorlofs, og hafi sumarorlof
verið lengt á þann hátt. Sé það í fullu samræmi við núgildandi
orlofsákvæði. Ágreiningur hér að lútandi hafi verið jafnaður að svo
komnu og ákveðist lengd væntanlegs vetrarorlofs af úrslitum þessa
máls.

Álit dómsins:

Réttur sóknaraðila Ingólfs Hansen til orlofs byggist á ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags hans við stefnda frá 30 nóvember 1982, 4. kafla. Í landslögum eru sett ákvæði um lágmarksorlofsrétt og voru lög um þetta, nr. 87/1971, í gildi er kjarasamningurinn var gerður.

Samkvæmt gr. 4.1. í nefndum kjarasamningi á sóknaraðili rétt á 4 vikna sumarorlofi og vegna starfsaldurs hefur hann áunnið sér rétt samkvæmt samningnum til 1 viku vetrarorlofs, sbr. fskj. 5 með kjarasamningnum.

Orlof talið í vikum bar að túlka svo við gerð kjarasamningsins samkvæmt þágildandi orlofslögum og venju, að laugardagar voru taldir til orlofsdaga, enda ekki sérstaklega um annað samið.

Eftir setningu laga nr. 90/1982 um breytingu á lögum nr. 87/1971, þar sem kveðið er á um að laugardagar skuli ekki teljast orlofsdagar, verður orlof talið í vikum í kjarasamningi sóknaraðila túlkað svo að hann eigi rétt á sumar- og vetrarorlofi eins og krafist er í stefnu.

Verða dómkröfur hans teknar til greina. Ekki þykir eftir atvikum rétt að leggja málskostnað á stefnda, og fellur málskostnaður niður.

Dóminn kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason, Árni Guðjónsson og Skarphéðinn Þórisson.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðili Ingólfur Hansen hefur með starfi sínu á orlofsárinu frá 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 öðlast rétt til heildarorlofs í 30 vinnudaga, sem skiptist í sumarorlof í 24 vinnudaga er taka skal út á tímabilinu frá 2. maí til 15. september 1983, og vetrarorlof í 6 vinnudaga, er taka skal út á öðrum árstíma.

Málskostnaður fellur niður.
